

33

27. júní

11. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. jan. 1921.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

34

27. júní

Lög

um

breyting á lögum nr. 71, frá 14. nóv. 1917, um váttrygging
sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kaптúna,
svo og um lausafjárvttryggingu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sveitarfjelögum á Íslandi er heimilt að stofna með skylduábyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum, utan kaптúna.

Brunabótasjóðir þessir geta ennfremur trygt lausafje hreppsúa gegn eldsvoða, þó þannig að samanlögð váttryggingarupphæð lausafjár hvers hrepps, sem trygt er, nemi aldrei meiru en $\frac{1}{3}$ af samanlagðri váttryggingarupphæð húsa í brunabótasjóði hreppsins.

Ákvæðin um tryggingu lausafjár koma ekki til framkvæmda fyr en fengin er endurtrygging erlendis.

Lög þessi takmarka verksvið brunabótasjóðanna, en fyrirkomulagið skal ákveðið í reglugerð.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Brunabótasjóður bætir $\frac{5}{6}$ alls þess brunaskaða á húsum og lausafje, váttrygðu í sjóðnum, sem eiganda, konu hans eða nánustu erfingjum verður eigi kent um að hafa valdið með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og gildir það án tillits til byggingarefnis hússins, nema brunaskaði sje svo lítill, að ekki nemi 50 krónum í húseign eða lausafje, sem er 2000 kr. virði eða meira, eða 1% í minni húseignum eða lausafjáreign, en þá skal eigandi hafa skaðann óbættan. Til brunaskaða teljast skemdir á trygðum húsum eða lausafje, sem stafa af björgunartilraunum.

3. gr.

Í staðinn fyrir „fari eigi fram úr 6000 kr.“ í 4. gr. laganna komi:
fari eigi fram úr 12000 kr.

4. gr.

Í staðinn fyrir „þó hærri verði nemi en 6000 kr.“ í 5. gr. laganna komi:
þó hærri verði nemi en 12000 kr.

5. gr.

6. gr. orðist svo:

Hvergi má tryggja þann sjötta hluta húsa eða lausafjár, sem ekki er váttrygður samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

11. gr. orðist þannig:

Nú stofnar hreppur brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður nefna til skoðunarmenn, tvo eða fleiri í hreppi, eftir því sem sveitarstjórn ákveður nánar, til þess að gera lýsing og virðing allra húsa, sem váttryggjast eiga í sjóðnum; enn fremur virða lausafje það, sem óskast váttrygt, og annað það, er reglugerð mælir fyrir. Skulu þeir vinna eið að starfi sínu. Endurvirðing fer fram á hverjum 10 ára fresti. Eigandi eða leigjandi húseignar eða lausafjár getur krafist yfirvirðingar á sinn kostnað, og dómkveður þá sýslumaður til þess 4 menn óvilhalla. Fyrir skoðun þá, er fer fram við stofnun brunabótasjóða, greiða sveitasjóðir kr. 2,50 á býli hverjum skoðunarmanni. Fyrir skoðunarkostnað við endurvirðingar og önnur störf skoðunarmanna skal launa sem reglugerð ákveður.

7. gr.

Í stað orðanna „Nú eru hús veðsett, sem váttrygð eru samkvæmt lögum þessum,“ í upphafi 14. gr. komi:

Nú er hús eða lausafje veðsett, sem váttrygt er samkvæmt lögum þessum,

34

27. júní

8. gr.

Á eftir 15. gr. komi ný grein, er verði 16. gr. og hljóði þannig:

Vátryggjendum er heimilt að taka lausafje sitt úr brunabótatryggingu brunabótasjóðanna við áramót, að undangenginni uppsögn með 3 mánaða fresti, og hafi vátryggjandi greitt iðgjald sitt til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu.

9. gr.

Í stað orðanna „Til stofnunar þessa sjóðs veitast 10000 kr. úr lands-sjóði“ í niðurlagi 17. gr. komi:

Ríkissjóður greiði sem stofnfje til hins sameiginlega brunabótasjóðs 20 þús. krónur.

10. gr.

18. gr. verði 19. gr. og orðist þannig:

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endurtryggja helming þeirra $\frac{5}{6}$ hluta allra híbýla annara húsa og lausafjár, sem vátrygt er í brunabótasjóði hreppanna. Helmingur allra fastra iðgjalda frá vátryggjendum gengur til endurtryggingar. Stjórnarráð Íslands mælir fyrir um gjalddaga og greiðslu endurtryggingariðgjalds.

11. gr.

22. gr. verði 23. gr. og orðist svo:

Nú fær stjórnarráðið líkur fyrir, að of há sje brunabótavirðing á hús-um eða lausafje í fleiri eða færri af hreppum þeim, er stofnað hafa brunabótasjóði samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðingu. Lækki virðing á þeim húsum eða lausafje til jafnaðar við endurvirðingu, greiðist kostnaðurinn við hana úr brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps, en standi hún í stað eða hækki, greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

12. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 71, 14. nóv. 1917, og gefa þau út svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Pjetur Jónsson.